

ATRÍÐI

VARÐANDI STOFNUN NORÐURLANDSVIRKJUNAR

Samantekið af Jakobi Gíslasyni,
formanni NUR, til umræðu í
nefndinni.

Júní 1975.

ATRIÐI

VARÐANDI STOFNUN NORÐURLANDSVIRKJUNAR

Samantekið af Jakobi Gíslasyni,
formanni NUR, til umræðu í
nefndinni.

Júní 1975.

Atriðivarðandi stofnun Norðurlandsvirkjunar

Greinargerð tekin saman af formanni
"Nefndar um raforkumál", Jakobi Gíslasyni
og ætluð til umræðu í nefndinni.

Nefnd sú um raforkumál (NUR), sem iðnaðarráðherra skipaði með bréfi dags. 18.11. 1971 "til þess að fjalla um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar héraendis og semja frumvarp til laga um þessi efni" lagði það til í bráðabirgðaáhlitsgjörð til iðnaðarráðherra, dags. í mars 1972, "að fyrsta skrefið til endurskoðunar skipulagsins á raforkuöflun og raforkudreifingu héraendis verði það, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um raforkumál". Frá nefndinni fylgdu með til ráðherra drög að slíkri þingsályktun ásamt greinargerð og ýmsum upplýsingum um þróun raforkumála á Íslandi fram til þess tíma.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fyrir Alþingi 19. apríl 1972.

Með þessu var talið lokið áfanga í starfi nefndarinnar og var þá gert ráð fyrir að störf hennar lægju niðri um skeið eða þar til ráðherra æskti eftir, að það yrði hafið á ný.

Þann 11. október sama ár kallaði ráðherra nefndina á sinn fund og bað hana að taka aftur til starfa og "halda reglulega fundi um þau framkvæmdaratriði, sem á góma hefðu borið, þannig að nefndarmenn hefðu handbærar tillögur um framkvæmd mála".

Þegar nefndin hóf aftur störf var málum þannig komið, að stofnun Norðurlandsvirkjunar var talin orðin mjög tímabær og því talið rétt að nefndin beitti athygli sinni fyrst og fremst að Norðurlandi, enda þótt verkefni hennar tæki til alls landsins samkvæmt erindisbréfi hennar.

Fyrstu hugmyndir sem fram komu í nefndinni, um stofnun Norðurlandsvirkjunar fólu það í sér, að ríkið, Akureyrarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður, sem eiga þau raforkuvinnslumannvirki sem fyrir eru í landsfjórðungnum, legðu mannvirkin til Norðurlandsvirkjunar og yrðu um leið aðaleigendur hennar, en öðrum sýslu- og sveitarfélögum boðið að kaupa í smáum stíl, samtals um 10% af væntanlegri heildarupphæð stofnfjár, og verða meðeigendur fyrirtækisins í því hlutfalli.

Síðan hafa umræður um eignaraðildarhlutföll og athugun á ýmsum tilhögunum eða aðferðum í því efni við stofnun Norðurlandsvirkjunar (og tilsvareandi annarra landshlutafyrirtækja) upptekið mikið af starfstíma nefndarinnar.

Ljóst þótti, að hinar fyrstu hugmyndir um skiptingu eignaraðildar samrýmdust ekki fullkomlega þeim tilgangi þingsályktunartillögunnar frá 19.4. 1972 að tryggja eðlilegt og nauðsynlegt samband við þá, sem raforkuvinnslu-fyrirtækin eiga að þjóna, og að tryggja "áhrif íbúa einstakra landshluta á raforkuvinnsluna í landinu".

Að tilhlutan iðnaðarráðuneytisins fóru, undir stjórn ráðuneytisstjóra, Árna Snævarr, fram sérstakar viðuræður við fulltrúa eigenda orkuvinnslu-fyrirtækjanna á Norðurlandi og Fjórðungssambands Norðlendinga um þessi mál (31/1-1/2 1974). Þar lýstu fulltrúar fjórðungssambandsins því yfir, að hið eina rétta fyrirkomulag væri, að þeirri dómi, að öll sveitarfélög fjórðungsins yrðu eignaraðilar að sameignarfyrirtækinu Norðurlandsvirkjun. Því aðeins að svo yrði, væri einkaréttur því fyrirtæki til handa hugsanlegur. Þessa afstöðu hafa þeir síðan áréttað við ýms tækifæri.

Athuganir nefndarinnar hafa því snúist mjög um þetta atriði. Málið væri auðleyst, ef þau sveitarfélög, sem engin orkuvinnslumannvirki eiga, trýstu sér til og vildu leggja fram í reiðu fé stofnfjárupphæðir á móti eignaframlagi hinna í réttu hlutfalli við þau eignar- og stjórnaraðildar hlutföll, sem fulltrúar þeirra telja eiga að ríkja í fyrirtækinu, nfl. nokkurnveginn íbúatöluhlutföllin. En hér er um miklar upphæðir að ræða, sennilega ekki undir 2 1/2 milljarði króna fyrir allt landið eða að meðaltali um 24.000,00 kr. á hvert mannsbarn í þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga mannvirki fram að leggja. Þetta er margfallt við það sem fulltrúar sveitarfélaganna hafa talið koma til mála að nefna. Þessi afstaða fulltrúa sveitarfélaganna gagnvart fjárútlátum sveitarfélaganna kom nefndarmönnum raunar ekki á óvart. Segja má, að rökin fyrir fyrstu hugmyndunum, sem fram komu í nefndinni um eignaraðildarskiptingu í Norðurlandsvirkjun hafi verið sótt annars vegar í vitneskjuna um fjárhagslegt getuleysi sveitarfélaganna og hins vegar í vantrú á fórnarvilja þeirra fyrir þennan málstað.

Þegar auðsýnt þótti, að torvelt yrði eða jafnvel ógerlegt með öllu að ná samstöðu um og framkvæma stofnun Norðurlandsvirkjunar eftir slíkri venjulegri viðskiptaleið, var farið að athuga ýmsar aðrar leiðir eða aðferðir, sem auðveldari kynnu að reynast.

Mjög margir möguleikar og margvíslegar tilbreytingar verða þá fyrir hendi, en hér verður aðeins greint frá átta mismunandi leiðum eða aðferðum, sem til athugunar hafa komið. Þessum aðferðum hafa verið gefin heitin:

1. Umræðugrundvöllur 15.3. 1974
2. Reiðufjárframlagsaðferðin
3. Skuldayfirtökuaðferðin
4. Skattlagningaraðferðin
5. Reiðufjárframlag án mats
6. Óbundin eignarhlutföll
7. Eignasöluaðferðin
8. Rekstraryfirtökuaðferðin.

Þessum mismunandi "aðferðum" má flokka í fimm flokka, U, A, B, C, D og jafnvel í aðeins fjóra A, B, C og D ef maður vill telja að "umræðugrundvöllur 15.3. 74" falli í eðli sínu undir A-flokkinn.

Fyrir þessum aðferðum skal nú gerð nokkru nánari grein hverri um sig og þær síðan bornar saman.

1. Umræðugrundvöllur 15.3. '74.

Norðurlandsvirkjun sé sameign ríkissjóðs og sýslufélaga og kaupataða á Norðurlandi og fái einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæði sínu, sem er Norðlendingafjórðungur allur.- Stofnfé fyrirtækisins sé 2000 hlutir hver að verðmæti 500.000 krónur. Réttur til að kaupa hlutina skiptist þannig:

		Hlutir %	"Íbúa- hlutf"
1. Ríkissjóður	800 hluti	(80)	(80)
2. Akureyri	510	42,5	34,6
3. Siglufjörður	160	13,3	6,2
4. Húsavík	55	4,6	8,1
5. Sauðárkrókur	45	3,7	8,7
6. Dalvík	32	2,7	7,1
7. Ólafsfjörður	25	2,1	7,2
8. V. Húnavatnss.	35	2,9	6,4
9. A. Húnavatnss.	65	5,4	5,4
10. Skagafjörður	65	5,4	5,3
11. Eyjafjarðars.	78	6,5	4,3
12. S. Þingeyjars.	85	7,1	3,4
13. N. Þingeyjars.	45	3,8	3,3
	2000	100,0	100,0

Ríkissjóður, Akureyri og Siglufjörður skuldbindi sig fyrirfram til að kaupa þá hluti, er þeir hafa rétt til, og greiða þá með orkuvinnslueignum þeim, er þeir eiga á starfssvæðinu. Sé verðmæti eignanna meira en svarar hlutum eignaraðila, endurgreiðir Norðurlandsvirkjun honum muninn; sé verðmæti eignanna minna greiðir eignaraðili muninn í reiðu fé. Hinir kaupstaðirnir og sýslufélögin skulu segja til um það innan 4 vikna frá gerð samkomulags um stofnun Norðurlandsvirkjunar, hvort þeir vilja kaupa þá hluti, er þeir eiga rétt á, og óski þeir þess skulu þeir innan sex vikna hafa greitt helming verðshlutanna og innan tólf vikna síðari hlutann. Standi eignaraðili ekki við skuldbindingar sínar að þessu leyti brottfellur kaupréttur hans. Óski þessir aðilar ekki að nota rétt sinn til kaupa eða standi ekki í skilum um greiðslur, eignist ríkissjóður, Akureyri og Siglufjörður rétt til kaupanna eftir nánar skilgreindum reglum.

Hverjum eignarhlut fylgir eitt atkvæði á aðalfundum. Eigendur bera einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum, en innbyrðis skiptist ábyrgðin samkvæmt eignarhlutföllum. Þegar síðar er krafð um framlag frá eigendum (t.d. í sambandi við nýjar mannvirkjagerðir), skal það skiptast á þá í samræmi við eignarhlutföll.

Athugasemdir: (1) Þau sveitar- og sýslufélög, sem ekki eiga mannvirki að leggja fram, myndu í þessu tilviki, ef þau ætla að nota rétt sinn fil fulls, eiga að kaupa hluti fyrir samtals 265 milljon krónur, en það samsvarar 13.500 krónum á hvert mannsbarn í umdæmum þeirra. (2) Hugsanlegt tilbrigði þessarar "aðferðar" væri, að ætla ríkissjóði 1200 hluti og helmingseign og fjölga þannig hlutunum í 2400. Framanrituð tafla breytist ekki við það á annan hátt en þann að tölur ríkissjóðs verða þessar:

	Hlutir	"Íbúa- hlutf"
1. Ríkissjóður 1200 hluti	(100)	(100)
og heildartala hlutanna verður 2400		

2. Reiðufjarframlagsaðferðin

Norðurlandsvirkjun sé sameign ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi og fái einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæði sínu, sem er Norðlendingafjórðungur allur.

Stofnfé fyrirtækisins er hugsað sem næst 1200 Mkr. en gæti þó breyttst nokkuð við nánara mat á eða samkomulag um verðmæti þeirra orkuvinnslu-mannvirkja, sem fyrir eru í landsfjórðungnum. Stofnfjárframlög skiptist á stofnaðila sem hér segir, ef reiknað er í hlutum að verðmæti 500.000,- krónur hver:

		Hlutir %	"Íbúa- hlutf."
1. Ríkissjóður	1200 hluti	(100)	(100)
2. Akureyri	415 "	34,6	34,6
3. Siglufjörður	75 "	6,3	6,2
4. Húsavík	77 "	6,4	6,4
5. Sauðárkrókur	63 "	5,3	5,3
6. Dalvík	40 "	3,3	3,4
7. Ólafsfjörður	40 "	3,3	3,3
8. Sv.fél. í V. Hún.s.	52 "	4,3	4,3
9. " " A. Hún.s.	87 "	7,3	7,2
10. " " Skagafj.s.	85 "	7,1	7,1
11. " " Eyjafj.s.	96 "	8,0	8,1
12. " " S. Þing.s.	105 "	8,7	8,7
13. " " N. Þing.s.	65 "	5,4	5,4
	<hr/>		
	2400	100,0	100,0

Eins og að framan er að vikið, er gengið út frá, að við nánari athugun, nýtt mat eða samkomulag stofnaðila kunni heildarstofnfjárupphæðin að breytast og tala hlutanna eða verðmæti þeirra, en atlast til að eignaraðildar-hlutföllin haldist óbreytt, þ.e.a.s. verði hin sömu og íbúatöluhlutföllin.

Jafnframt er haft í huga að haga málum svo, að upphæð eignarhluta Akureyrar í fyrirtækinu verði við stofnun sem næst jöfn verðmæti orkuvinnsluvirkja kaupstaðarins.

Að þessum fyrirvara gerðum, er í þessari "aðferð" gengið út frá, að ríki og öll sveitarfélög kaupi alla hlutina og í því hlutfalli, sem að framan segir. Ríkið, Akureyri og Siglufjörður greiði þá með orkuvinnslueignum sínum, en önnur sveitarfélög í reiðufé.

Um önnur atriði gildir eins og í "umræðugrundvelli 15.3.'74": Hverjum eignarhlut fylgir eitt atkvæði á aðalfundi, . Eigendur bera einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum, en innbyrðis skiptist ábyrgðin samkvæmt eignarhlutföllum. Þegar síðar er krafist um framlag frá eigendum, skal það skiptast á þá í samræmi við eignarhlutföll.

Athugasemdir: (1) Ef miðað er við ágizkunartöluna hér að framan um heildarupphæð stofnfjár, 1200 Mkr, er með þessari aðferð þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga mannvirki að leggja fram, ætlað að kaupa hluti (þ.e. leggja fram í reiðufé) 355 Mkr. eða sem svarar um 18.000 krónum á hvert mannsbarn í umdæmum þeirra. Þessar upphæðir eru, eins og áður er vikið að, margfalt hærri, en fulltrúar samtaka sveitarfélaga hafa léð máls á að leggja á herðar íbúanna í þessu skyni.

3. Skuldayfirtökuaðferðin.

Norðurlandsvirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi með einkarétt til raforkuvinnslu í Norðlendinga-fjórðungi.

Ríkið, Akureyri og Siglufjörður leggja Norðurlandsvirkjun sem stofnframlag allar orkuvinnslueignir sínar í landsfjórðungnum, en önnur sveitarfélög greiða sín stofnframlög með því að taka að sér greiðslu skulda, sem á hinum eldri mannvirkjum hvíla. Þetta hefur verið hugsað þannig, að viðkomandi sveitarfélög gefa út Norðurlandsvirkjun til handa skulda-bréf jafnhá eingarhluta sínum og með sömu greiðsluskuldbindingum sem gilda um hin áhvílandi lán.

Eignarskiptingin í fyrirtækinu sé hin samasem við "reiðufjárframlagsaðferðina" þ.e. ríkið eigi 50% en sveitarfélögin helming, hvert um sig í réttu hlutfalli við íbúatölu þess í des. 1974. Í samræmi við það séu upphæðir þeirra skulda, sem sveitarfélögin "yfirtaka" á þann hátt, er að framan greinir, ákveðnar.

Með þessu móti verður stofnfé Norðurlandsvirkjunar í raun og veru hið sama sem við "reiðufjárframlagsaðferðina". Með sömu fyrirvörum sem við hana voru gerðir er því skiptingu stofnfjárframlaga á stofnaðila stillt upp hér á sama hátt sem þar (hver hlutur að verðmæti 500.000,- kr):

		Hlutir %
1. Ríkissjóður	1200 hlutir	(100)
2. Akureyri	415 "	34,6
3. Siglufjörður	75 "	6,3
4. Húsavík	77 "	6,4
5. Sauðárkrókur	63 "	5,3
6. Dalvík	40 "	3,3
7. Ólafsfjörður	40 "	3,3
8. Sv.fél. í Hún.s.	52 "	4,3
9. " " A. Hún.s.	87 "	7,3
10. " " Skagafj.s.	85 "	7,1
11. " " Eyjafj.s.	96 "	8,0
12. " " S. Þing.s.	105 "	8,7
13. " " N. Þing.s.	65 "	5,4
	<hr/>	
	2400	100,0

Um atkvæðamagn, ábyrgð út á við og innbyrðis, og framlag eigin fjár við síðari aukningar, fer eins og í "umræðugrundvelli 15.3. 74".

Athugasemdir: (1) Hér er þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga mannvirki að leggja fram, ætlað að greiða skuld, er þau taka á sig, samtals að upphæð 355 Mkr. eða sem svarar 18.000,- kr./íbúa. Þessa skuld (eða skuldir) eiga þau að greiða með afborgana og vaxtakjörum, sem í framkvæmd myndu vera einhverskonar meðaltal þeirra lánskjara, sem orkuvinnsla ríkis, Akureyrar og Siglufjarðar nú býr við í Norðlendingafjórðungi. (2) Hér er, eins og áður er vikið að, gengið út frá, að endanleg ákvörðun á upphæð hvers hlutar og tölu þeirra og þar með á stofnfjarupphæð í heild verði á þá lund, að upphæð eignarhluta Akureyrar í fyrirtækinu verði hin sama og verðmæti orkuvinnslumannvirkja hennar. Verði svo mun ríkið sennilega þurfa að leggja fram reiðufé (e.t.v. kringum 100 Mkr) til að ná helmingseign; en Siglufjörður eiga að fá greiðslu fyrir umframverðmæti mannvirkja hans fram yfir upphæð eignarhluta.

4. Skattlagningaraðferðin

"Skattlagningaraðferðin" er í raun og veru hin sama og "reiðufjárframlagsaðferðin", með þeirri viðbót, að þess reiðufjár, sem Norðurlandsvirkjun er ætlað að fá (355 Mkr), verði aflað með skatti á sölu rafmagns til almenningsþarfa í smásölu, ekki aðeins hjá íbúum þeirra sveitarfélaga, sem ekki hafa lagt fram eignir, heldur um allan Norðlendingafjórðung. Þegar stofnuð hefðu verið í öllum landshlutum landshlutaorkuvinnslufyrirtæki tilsvarendi við Norðurlandsvirkjun, myndi slíkur skattur væntanlega verða jafn skattur um allt landið.

5. Reiðufjárframlag án mats.

Norðurlandsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi og fái einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæði sínu, sem skal vera Norðlendingafjórðungur allur.

Lagt er til, að ríkið, Akureyrarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður leggi Norðurlandsvirkjun til sem endurgjaldslaust framlag allar orkuvinnslueignir sínar í landsfjórðungnum, en önnur sveitarfélög greiði stofnframlag í reiðufé, sem að upphæð svari til 7.500,- króna á íbúa í umdæmum þeirra (skv. manntali í des. 1974). Jafnframt komi aðilar sér saman um þau eignarhlutföll í fyrirtækinu, að ríkissjóður eigi það að hálfu og sveitarfélögin að hálfu, innbyrðis milli þeirra skipt í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1.12.1974, án þess að í því sambandi fari fram neitt mat á eignunum.

Með þessu móti yrðu eignarhlutfællin í fyrirtækinu hin sömu sem við "reiðufjárframlagsaðferðina", en ekki í samræmi við stofnfjárframlög.

Um hin önnur atriði, atkvæðamagn, ábyrgð út á við og innbyrðis og framlag eiginfjár við síðari aukningar gildi hið sama og "umræðugrundvöllur 15.3.74" gerði ráð fyrir.

Athugasemdir: (1) Hér hefur sveitarfélögum, sem ekki eiga mannvirki fram að leggja verið ætlað að leggja fram í reiðufé 7.500,- kr. á íbúa eða samtals 148 Mkr. Þetta er minna en helmingur þess, sem "reiðufjárframlagsaðferðin" gerir ráð fyrir. Þessi lækkun er að nokkru gerð af handahófi en þó reynt að hafa hliðsjón af greiðslugetu sveitarfélaganna og líkum þess að samkomulag geti náðst.

6. Óbundin eignarhlutföll

Norðurlandsvirkjun sameignarfyritæki ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi, með einkarétti til raforkuvinnslu í Norðlendingafjórðungi.

Ríkið, Akureyrarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður leggja til Norðurlandsvirkjunar sem stofnframlag sitt allar orkuvinnslueignir sínar í landsfjórðungnum, en önnur sveitafélög greiði stofnframlag í reiðufé, sem að upphæð svari 7.500,- kr. á hvern íbúa í umdæmum þeirra skv. manntali í des. 1974. Eignarhlutföll í fyrirtækinu ákveðist síðan af þessu.

Stofnfé fyrirtækisins verður þá, með sömu ágiskun um verðmæti orkuvinnslueignanna sem viðhöfð er í áður ræddum "aðferðum", 1063 Mkr og skiptist á stofnaðila sem hér segir, ef reiknað er í eignarhlutum að verðmæti 500.000 krónur hver:

		Hlutir %	"Íbúa hltf."	
1.	Ríkissjóður	1200 hlutir	60,4	50
2.	Akureyri	510 "	21,0	17,2
3.	Siglufjörður	120 "	2,8	3,1
4.	Húsavík	32 "	1,6	3,2
5.	Sauðárkrókur	26 "	1,3	2,8
6.	Dalvík	17 "	0,8	1,7
7.	Ólafsfjörður	17 "	0,8	1,7
8.	Svfél. í V. Hún.s.	21 "	1,1	2,1
9.	" " A. Hún.s.	36 "	1,8	3,6
10.	" " Skagafj.s.	35 "	1,8	3,6
11.	" " Eyjafj.s.	40 "	2,0	4,0
12.	" " S. Þing.s.	45 "	2,2	4,3
13.	" " N. Þing. s.	27 "	1,4	2,7
		<hr/>		
		2126	100,0	100,0

Athugasemdir: (1) Þessi aðferð er hliðstæð aðferðinni "reiðufjárframlag án mats" að öðru leyti en því, að hér er stofnframlagið látið ráða eignaraðildarhlutföllunum. (2) Þá kemur til athugunar, en skal látið ósvarað hér, hvort atkvæðamagn, ábyrgð og framlög eiginfjár í framtíðinni skuli fylgja eignaraðildarhlutföllum eins og þau verða hér við stofnun.

7. Eignasöluaðferðin

Norðurlandsvirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi, með einkarétti til raforkuvinnslu í Norðlendingafjórðungi.

Ríkið, Akureyri og Siglufjörður selja hinum sveitarfélögum í Norðlendingafjórðungi hluta af núverandi orkuvinnslumannvirkjum til að leggja sem stofnframlag til Norðurlandsvirkjunar. Núverandi eigendur selji og sveitarfélögin kaupi þau verðmæti sem til þarf til þess að stofnframlag í orkuvinnslueignum verði frá ríkinu 50% og frá sveitarfélögum öllum samtals 50%, en hverju um sig í réttu hlutfalli við íbúatölu í des. 1974, eða nálægt því.

Með tilsvarendi forsendum og fyrirvörum sem við "reiðufjárframlagsaðferðina" verður við þessa aðferð stofnfé fyrirtækisins um 9/5 Mkr, eða 1830 eignarhlutir, hver að verðmæti 500.000,- kr., og skiptast þannig á eignaraðila:

		Hlutir %	"Íbúa hltf".
1.	Ríkissjóður	915 hlutir (100)	(100)
2.	Akureyri	316 " 34,5	34,6
3.	Siglufjörður	57 " 6,2	6,2
4.	Húsavík	59 " 6,5	6,4
5.	Sauðárkrókur	48 " 5,2	5,3
6.	Dalvík	31 " 3,4	3,4
7.	Ólafsfjörður	30 " 3,3	3,3
8.	Sv.fél. í V. Hún.s.	39 " 4,2	4,3
9.	" " A. Hún.s.	66 " 7,2	7,2
10.	" " Skagafj.s.	65 " 7,2	7,1
11.	" " Eyjafj.s.	74 " 8,1	8,1
12.	" " S. Þing.s.	80 " 8,7	8,7
13.	" " N. Þing.s.	50 " 5,5	5,4
		<hr/>	
		1830 hlutir	100,0
		<hr/>	<hr/>
		100,0	100,0

Um atkvæðamagn, ábyrgð út á við og innbyrðis og framlag eiginfjár við síðari aukningar fari eins og í "umræðugrundvelli 15.3.74".

Athugasemdir: (1) Hér er þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga mannvirki að leggja fram, ætlað að greiða til ríkis, Akureyrar og Siglufjarðar kaupverð mannvirkja samtals að upphæð 223 Mkr. eða 11.325,- kr/íbúa.

(2) Gengið er út frá því að samkomulag náist milli seljenda og kaupenda ~~XX~~ eignanna um hágvæna greiðsluskilmála.

8. Rekstraryfirtökuaðferðin.

Norðurlandsvirkjun sameignarfyritæki ríkissjóðs og allra sveitarfélaga á Norðurlandi, með einkarétti til raforkuvinnslu í Norðlendingafjórðungi.

Við stofnun taki Norðurlandsvirkjun við til eignar raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirkjum þeim, sem ríki, Akureyrarkaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður eiga í smíðum í Norðlendingafjórðungi (nema "Byggðalínunni", sem taka þarf sérstakar ákvarðanir um). Norðurlandsvirkjun taki við þessum mannvirkjum samkvæmt byggingarreikningi með áhvílandi skuldum, en stofnaðilar Norðurlandsvirkjunar greiði eiginfjárframlög, sem til þessa mannvirkja kann að verða krafist, í réttu hlutfalli við eignaraðild sína í Norðurlandsvirkjun

Jafnframt geri ríki, Akureyri og Siglufjörður sérstaka samninga við Norðurlandsvirkjun um yfirtöku til rekstrar á þeim orkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirkjum, sem þau eiga nú í rekstri. Samið sé um, að mannvirkin séu áfram eign ríkis, Akureyrar og Siglufjarðar og bókist þannig hjá Norðurlandsvirkjun, en falli inn í heildarrekestur Norðurlandsvirkjunar. Í samningi séu ákvæði um tekjuskiptingu, fyrningu og arðs-útreikning (t.d. með viðmiðun í vergri eign). Um úborgun á arði eða samansafnaðri skuldlausri eign fari þá eftir sömu reglum, sem látnar verða gilda fyrir Norðurlandsvirkjun alla (og e.t.v. samræmdar hjá öllum orkuvinnslufyrirtækjum landsins).

Í sjálfri Norðurlandsvirkjun séu eignaraðildarhlutföllin látn (sem næst) fylgja íbúahlutfallinu með ríkissjóð sem helmingseiganda.

Með þessu móti er Norðurlandsvirkjun stofnuð án stofnfjár og um leið án nokkurrar greiðslubyrðar vegna hinna eldri mannvirkja á herðar þeirra sveitarfélaga, sem ekki eiga mannvirki að leggja fram.

Hins vegar verður, sem kunnugt er, að ganga út frá því að eigendur Norðurlandsvirkjunar verði eftir stofnun hennar krafðir um eiginfjárframlög til allra meiriháttar framkvæmda svo sem nývirkjana á við Kröfluvirkjunina. Þetta gildir hvaða aðferð, sem viðhöfð er við stofnun Norðurlandsvirkjunar. Þó skiptir að sjálfsögðu máli í þessu sambandi, hvort hún hefur við stofnun öðlast skuldlausu eign og reiðufjárframlög eða ekki.

Rekstraryfirtökuaðferðin ætlast til, að um atkvæðamagn, ábyrgð út á við og innbyrðis og framlag eiginfjár við síðari aukningar fari eins og í "umræðugrundvelli 15.3. 74" að því er tekur til sjálfrar Norðurlandsvirkjunar. Um séreignir ríkis, Akureyrar og Siglufjarðar í rekstri hjá Norðurlandsvirkjun er það hugsað, að allir eigendur Norðurlandsvirkjunar beri einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum þeirra vegna, en ríkið, Akureyri og Siglufjörður ábyrgð inn á við gagnvart öðrum eigendum Norðurlandsvirkjunar.

Samanburður aðferðanna

Í þeim samanburði, sem hér er gerður, á þessum mismunandi aðferðum eru um verðmæti þeirra orkuvinnslumannavirkja, sem fyrir eru í fjórðungnum, notaðar ágiskunartölur, sem að verulegu leyti styðjast við ársreikninga fyrirtækjanna fyrir árið 1973.

Tölurnar, sem notaðar eru, eru þessar:

Eignir ríkisins	600 Mkr.
" Akureyrarkaupstaðar	255 "
" Siglufjarðarkaupstaðar	<u>60 "</u>
Samtals	915 Mkr.

Á þessar tölur má ekki líta sem neina tilraun til mats á þessum eignum, en tilætlunin er, að með notkun þeirra fáiast nokkurnveginn viðhlítandi samanburður á þeim "aðferðum" við stofnun Norðurlandsvirkjunar, sem til umtals hafa komið og að framan eru tilgreindar og skilgreindar að nokkru. Þó er vitanlegt að mat á þessum eignum getur, ef út úr því koma allt aðrar verðmætatölur, brennslað þeim samanburðargrundvelli, sem hér er notaður, all verulega, þetta þarf að hafa í huga.

Í töflunni "samanburður aðferða við stofnun Norðurlandsvirkjunar" er sett fram yfirlit yfir stofnfé og sundurliðun þess fyrir allar aðferðirnar í því skyni að auðvelda samanburð þeirra á milli. Ætlunin var, að slíkur samanburður þessarra aðferða með þessum tölum gæti orðið til stuðnings við umræður um hin ýmsu atriði, sem samkomulag þarf að nást um, en ekki endilega að nein þessarra "aðferða" yrði óbreytt fyrir valinu.

Samanburður aðferða við stofnun
Norðurlandsvirkjunar
Stofnfjárfirlit

	Sundurliðun stofnfjár										Greiðslu- byrði "annarra" sveit.fél. Kr./íbúa	Norðlv. kaupir eldri mannv. Mkr.	
	Stofnfé		Eignar- hlíf = Íbúa- hlíf.	Eldri eignir Mkr.	Reiðufjárframlög		Yfir- taka skuld Mkr.	Stofn fé Samt. Mkr.	Önnur				
	Alls Mkr.	Ríki Mkr.			Ríki Mkr.	Ak+Sígl sv.fél. Mkr.			Samt. Mkr.	sv.fél. Mkr.			Samt. Mkr.
1. Umræðugrundvöllur 15.3.'74	1000	400	600	nei	715	0	20	265	285	0	1000	13.500	200
1a " " tilbr.	1200	600	600	nei	915	0	20	265	285	0	1200	13.500	0
2. Reiðufjárgramlagsaðferðin	1200	600	600	já	845	0	0	355	355	0	1200	18.000	70
3. Skuldafirtökuaðferðin	1200	600	600	já	845	0	0	0	0	355	1200	18.000	70
4. Skattlagningaraðferðin	1200	600	600	já	845	0	0	(355)	355	0	1200	(10.676)	70
5. Reiðufjárframlag án mats	1063	600	463	já	915	0	0	148	148	0	1063	7.500	0
6. Óbundin eignarhlutföll	1063	600	463	nei	915	0	0	148	148	0	1063	7.500	0
7. Eignasöluaðferðin	915	458	457	já	915	0	0	0	0	0	915	13.800	0
8. Rekstraryfirtökuaðferðin	0	0	0	já	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Atriðin eru margvísleg og misjafnlega auðveld í meðförum, en til að rifja upp hin helstu þeirra mætti nefna:

1. Að ákveða verðmæti þeirra mannvirkja (eigna), sem lögð verða sem stofnframlag til Norðurlandsvirkjunar.
2. Gera grein fyrir þeim skuldum, sem á þeim mannvirkjum hvíla og yfir-
takast með þeim.
3. Koma sér saman um eignaraðildarhlutföllin í fyrirtækinu, bæði hlut
ríkisins sérstaklega og aðildarhlutföll sveitarfélaganna innbyrðis.
4. Hve mikið stofnfé sveitarfélög, sem ekki eiga mannvirki að leggja
fram, eiga að greiða til Norðurlandsvirkjunar.
5. Hvort og þá hverskonar ráðstafanir skuli gerðar til að tryggja að
öll sveitarfélög fjórðungsins geti orðið meðeigendur, ráðstafanir
svo sem t.d. langur greiðslufrestur á stofnframlagi, útvegum hagkvæmra
lána í þessu skyni, og þá með eða án gengis- og vísitölutryggingar,
öflun fjár í þessu skyni með almennum skatti á rafmagn o.fl.
6. Hvort öll raforkuvinnslumannvirki, sem fyrir eru, eiga að ganga til
Norðurlandsvirkjunar sem stofnframlag, eða hvort og þá í hve ríku
máli ~~hva~~ kaupir eldri mannvirki af núverandi eigendum.
7. Hvort til mála kemur, að hin eldri mannvirki verði yfirtekin af
Norðurlandsvirkjun til fulls reksturs, þótt þau verði áfram eign
núverandi eigenda, en Norðurlandsvirkjun þá stofnuð með litlu eða
engu beinu stofnfjárframlagi. Sérstakir samningar við eigendur
eldri virkja yrðu þá að sjálfsögðu að koma til um það, hvernig slíkri
rekstraryfirtöku yrði fyrir komið.
8. Hvort sveitarfélögin beint eða sýslufélögin í þeirra umboði skuli
vera eignaraðilar að Norðurlandsvirkjun.
9. Hvort stjórnunaraðild skuli fylgja eignaraðildar hlutföllum strang-
lega eða hnikað þar einhverju til.

Fleira mætti að sjálfsögðu upp telja en þetta er það helst sem í hugann
kemur.

Aðferðirnar og samkomulagsatriðin.

1. Að ákveða verðmæti þeirra eigna, sem lögð eru fram sem stofnframlag.

Eins og við horfir í dag, er erfitt að sjá fyrir, hver útkoma yrði á mati dómkvaddra manna á þeim eignum, sem hér ræðir um. Engar ákveðnar, viðurkenndar reglur gilda um það, á hverju slíkt mat skuli byggt. En allir telja líklegt, að slíkt mat muni hækka skuldlausar eignir þessara fyrirtækja mjög fram yfir það, sem efnahagsreikningar þeirra sýna nú.

Veruleg hækkun (við mat) á skuldlausum eignum þessara fyrirtækja hefur mismunandi áhrif við framkvæmd þeirra átta aðferða, sem að framan eru tilfærðar.

Við aðferð 1 og 1a, "umræðugrundv. 15/3'74" hefur hækkunin áhrif á kaup Norðurlandsvirkjunar á eldri mannvirkjum.

Við 2., 3., 4. og 7. aðferðina hefur hækkun hinna skuldlausu eigna bein áhrif til hækkunar á reiðufjárframlagi (greiðslubyrði) sveitarfél-
aganna. Og sé hækkun mats á vergum eignum hlutfallslega meiri en hækkun skulda (við gengisbreytingar og vísitölutryggingu), verður hækkun hinna skuldlausu eigna í krónum hlutfallslega enn meiri.

Í 5., 6. og 8. aðferðinni er ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum frá verðmæti hinna eldri mannvirkja á reiðufjárframlag (greiðslubyrði) sveitarfélaganna.

2. Áhvílandi skuldir.

Vandalítið ætti að vera að slá föstu, hverjar hinar áhvílandi skuldir eru og hvernig þær hvíla á ýmsum mannvirkjum, en þó getur þetta orkað tvímælis, t.d. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hjá Skeiðsfossvirkjun (Rafveitu Siglufjarðar). En þessu verður að sjálfsögðu að koma nokkurn veginn á hreint, áður en Norðurlandsvirkjun er stofnuð, hver aðferðin sem notuð er við stofnun hennar.

3. Eignaraðildarhlutföllin í Norðurlandsvirkjun.

Sú endurskipulagning raforkumála, sem stofnun Norðurlandsvirkjunar er liður í, hefur það að markmiði að koma á sem mestu jafnræði allra íbúa hvers landshluta (og raunar landsins alls) um raforkumálin og að leiðrétta það misræmi, sem nú ríkir í þessu efni. Tillögurnar um, að eignaraðild sveitarfélaganna fylgi sem næst íbúahlutföllum, stílar að þessu. Íbúahlutföll breytast að vísu frá einum tíma til annars, en sú breyting er hægfara og jafnframt erfitt að áætla fyrirfram, hve mikil hún muni verða, jafnvel í hvaða átt hún muni stefna. Því hafa tillögumenn kosið að miða sem næst við íbúahlutföllin, eins og þau eru nú.

Flestar aðferðanna, sem að framan eru til greindar, gera ráð fyrir eignarhlutföllum í samræmi við íbúahlutföll. Sú áttunda, "rekstraryfirtöku-aðferin", gerir það líka, en sker sig úr að því leyti, að hin eldri mannvirki, sem nú eru í rekstri, halda áfram að vera eign fyrri eigenda, þótt þau renni inn í sameiginlegan rekstur hjá Norðurlandsvirkjun samkvæmt sérstökum samningum þar um.

Norðurlandsvirkjun er þá stofnuð til að taka við Kröfluvirkjun í smíðum og öðrum raforkuvinnsluorkumannvirkjum, sem í smíðum eru í landsfjórðungnum með tilheyrandi skuldum og að eignarhlutdeildum eftir íbúahlutfalli. Ennfremur að taka við þeim einkarétti til raforkuvinnslu í landshlutanum, sem lagt er til að veita, og svo að annast hinn sameiginlega rekstur eldri og síðari mannvirkja skv. áðurnefndum samningi við eigendur eldri mannvirkja. Engin greiðslubyrði er lögð á herðar sveitarfélaganna vegna hinna eldri raforkuvinnslumannvirkja, en að sjálfsögðu gengið út frá því, að sveitarfélögin inni haf hendi það framlag eigin fjár, sem krafist kann að verða til Kröfluvirkjunar, til annarra orkuvinnslumannvirkja nú í smíðum og til framtíðarframkvæmda Norðurlandsvirkjunar.

4. Stofnfjárframlög sveitarfélaganna til Norðurlandsvirkjunar.

Svo virðist sem krafan um reiðufjárframlag sveitarfélaganna til móts við eignaframlag þeirra, sem eiga núverandi raforkuvinnslufyrirtæki, kunni að verða aðalhindrun á vegi til samkomulags.

Ef dæma má eftir þeim undirtektum, sem þetta atriði hefur fengið hjá fulltrúum Fjórðungssambands Norðlendinga, virðist sem allar hinar tilgreindu aðferðir séu með of háar greiðslubyrðar á herðar sveitarfélaganna, nema "rekstraryfirtökuaðferðin", sem ekki leggur neinar greiðsluskyldur á þau vegna hinna eldri virkja. Enda er það yfirlýstur tilgangur þeirrar tillögu að reyna að losna við þessa torfæru á leiðinni til samkomulags.

5. Ráðstafanir til að tryggja, að öll sveitarfélög fjórðungsins geti orðið meðeigendur.

Ef skilyrði fyrir með eign sveitarfélaganna í Norðurlandsvirkjun verða reiðufjárgreiðslur af þeirra hálfu, eins og gengið er út frá í flestum hinna tilgreindu aðferða, mun reynast óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að dreifa greiðslunum á langt árabíl. Skuldayfirtökuaðferðin gerir þetta á sinn hátt með því að binda þetta við þegar gerða samninga um áhvílandi lán. Eignasöluaðferðin hefur það að forsendu, að viðunandi samningar náist um greiðsluskilmála milli núverandi eigenda eldri mannvirkja og sveitarfélaganna, sem kaupa. Rekstraryfirtökuaðferðin hefur nokkra sérstöðu, eins og áður segir, að því leyti að með henni eru ekki lagðar neinar greiðslubyrðar á herðar sveitarfélaganna vegna hinna eldri virkja.

Af hálfu fulltrúa samtaka sveitarfélaganna er því haldið fram, að sveitarfélögin geti "sáralítið greitt, nema fá til þess tekjustofna, aðra en útsvarsálagningu." Á slíkan tekjustofn hefur þó ekki verið bent, annan en þann að leggja sérstakan skatt ofan á rafmagnsverðið í þessu skyni. Slíkur skattur á rafmagnið í umdæmum þeirra sveitarfélaga, sem ekki eiga eignir að leggja fram, gerir rafmagnið töluvert dýrara hjá þeim en hjá núverandi eigendum hinna eldri virkja. Skattlagningin myndi þurfa að vara um alllangt árabíl og hætt við, að hún verði óvinsæl og að almenningur telji endurskipulagninguna eiga sök á þessari mismunun milli íbúa landshlutans.

6. Kaup Norðurlandsvirkjunar á eldri orkuvinnslumannvirkjum.

Það gæti e.t.v. leyst viss vandamál og stuðlað að samkomulagi, ef Norðurlandsvirkjun væri látin í allstórum stíl kaupa hin eldri virki af núverandi eigendum og greiða andvirði þeirra út eftir sérstöku samkomulagi um greiðslukjör. En allir eru sammála um, að óæskilegt sé að draga á

þann hátt út úr raforkuiðnaðinum fjármagn, sem þegar er í hann komið. Hjá því er sjálfsagt að reyna að komast.

7. Rekstraryfirtaka, en áframhaldandi séreign á eldri virkjum.

Þetta atriði varðar "rekstraryfirtökuaðferðina". Sú aðferð fjarlægir þann vanda, sem fylgir því, að sveitarfélögin þurfi að kaupa sig inn í gömul og og gróin fyrirtæki, en hún tryggir hins vegar eftirleiðis það jafnræði og jafnrétti í raforkuvinnslumálum, sem í huga er haft.

Það kann að vera, að samningar um rekstraryfirtöku af þessu tagi reynist nokkuð flóknir og erfiðari en sýnist við fyrstu athugun. En hugmyndin er þess verð, að henni sé nánari gaumur gefinn.

8. Eignaraðild sveitarfélaganna beint eða sýslufélaganna í umboði þeirra.

Við samanburð á þeim aðferðum við stofnun Norðurlandsvirkjunar, sem til umræðu eru, skiptir ekki öllu máli, hvort sveitarfélögin verða beinir eignaraðilar eða sýslufélögin fara með eignaraðildina. Það, hver tilhögunin er valin í þessu efni, hefur ekki veruleg áhrif á samanburð milli hinna mismunandi aðferða.

9. Stjórnunaraðild fylgi eignaraðildarhlutföllum eða ekki.

Um þetta er það sama að segja sem um 8. atriðið: Það, hver tilhögun er valin um stjórnunaraðild, hefur lítil áhrif á þann samanburð milli aðferða, sem hér er um að ræða.

Það liggur þó í eðli málsins, að aðilar hljóta að láta sig hlutdeild í stjórnun og stjórnaráhrifum miklu skipta. Sveigjanleiki í meðferð þessa atriðis ætti því að stuðla að því, að samkomulag náist um málin í heild.

Niðurlagsorð

Við endurskoðun raforkuvinnslumálanna er m.a. haft í huga:

- (1) jöfn áhrif allra í raforkuvinnslumálum í framtíðinni;
- (2) sveitarfélögin, sem nú koma til að verða aðilar að raforkuvinnslunni, verði ekki fyrir sérstökum fjárhagslegum byrðum vegna þeirra virkja, sem fyrir eru og nú í rekstri;
- (3) rafmagnsverð verði hvergi hærra vegna tilkomu landshlutaorkuvinnslufyrirtækisins (Norðurlandsvirkjunar) en ella hefði orðið;
- (4) núverandi eigendur raforkuvinnslufyrirtækja bíði ekki tjón af þeirri endurskipulagningu, sem stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækið er þáttur í;
- (5) ekki verði dregið út úr raforkuvinnslunni fjármagn, sem þegar hefur verið í hana lagt;
- (6) landshlutafyrirtækið, sem stofnað verður, verði þróttmikið fyrirtæki, vel stjórnað og fjárhagslega traust;
- (7) tryggt verði samráð og samvinna milli allra landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna um hina hagkvæmstu hagnýtingu orkulinda landsins í heild.

Hvað við kemur atriðum (6) og (7) verður vart gert upp á milli umræddra aðferða við stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna.

Varðandi hin atriðin er um aðferðirnar þetta að segja:

Aðferð U_1 og U_2 , "umræðugrundvöllur 15/3/75", fullnægir ekki atriðum

(1), (2) og (3), nema með vissum breytingum eða sérráðstöfunum. Atriði (4) fullnægir hún alveg, en (5) ekki nema með vissum ráðstöfunum.

Aðferðirnar A_1 , "reiðufjárframlagsaðferðin", og A_2 , "skuldayfirtökuaðferðin", fullnægja báðar atriðum (1), (4) og (5), en ekki atriðum (2) og (3).

Aðferð A_3 , "skattlagningaráðferðin", fullnægir í raun og veru öllum atriðunum, en hætt er við, að skattlagning af þessu tagi muni verða óvinsæl og misskilin af almenningi, sem muni finnast hann vera að greiða sérstakan kostnað af endurskipulagningunni, þótt því sé ekki til að dreifa.

Aðferð B₁, "reiðufjárframlag án mats", fullnægir atriðum (1) og (5), en ekki atriðum (2) og (4) og ekki (3), nema með sérstökum ráðstöfunum.

Aðferð B₂, "óbundin eignarhlutföll", fullnægir ekki atriðum (1), (2) og (3), en hins vegar atriðum (4) og (5).

Aðferð C, "eignarsöluaðferðin", fullnægir atriðum (1) og (4), en ekki (2) og ekki (3), nema með sérstökum ráðstöfunum, og um (5) verður þetta nokkurt túlkunatriði.

Aðferð D, "rekstraryfirtökuaðferðin", fullnægir öllum atriðunum, ef svo er frá málum gengið, sem til er atlast við notkun hennar.